



Þriðji fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2012 til 2013

haldinn 15.01.2012. kl. 08:10

Fundarstjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Fundaritari: Valdimar Víðisson.

Mættir: Erla Guðjónsdóttir – skólastjóri, Valdimar Víðisson – aðstoðarskólastjóri, Jón Guðmar Jónsson – fulltrúi grenndarsamfélags, Guðrún Einarsdóttir – fulltrúi kennara, Sigurveig Þormar – fulltrúi annarra starfsmanna, Halldóra Hinriksdóttir – fulltrúi foreldra og Ingibjörg Gunnarsdóttir – fulltrúi foreldra. Elfa Rún Björnsdóttir – fulltrúi nemenda og Óli Gunnar Gunnarsson – fulltrúi nemenda.

Forföll: Hanna Þráinsdóttir – fulltrúi nemenda. Eva Egilsdóttir – fulltrúi kennara.

Dagskrá:

1. Niðurstöður könnunar meðal nemenda í 4. til 10. bekk um líðan og einelti í skólanum.
 - Lögð fyrir rafrænt í nóv/des 2012
 - Þátttakendur nemendur í 4.-10. bekk
 - Þátttaka nemenda var 95,7%
 - Gögn eru yfirfarin og gæðatryggð af Olweus-gruppen og niðurstöður fengnar þaðan
 - Niðurstöður 5. til 10. bekkja eru birtar. Sérstaklega er unnið með niðurstöður 4. bekkja sem og annarra niðurstaðna.

Einelti mælist 4,2% í 5. til 10. bekk – lækkar um eitt prósentustig frá fyrra ári.

Helstu verkfæri Olweusaráætlunarinnar eru:

- Virkt eftirlit og vitundarvakning og sameiginlegur skilingur á eðli eineltis.
- Samvinna við foreldra.
- Efla vitund nemenda og skólasamfélagsins alls um að unnið sé vel og faglega úr málum sem upp koma.
- Bregðast fljótt við – vinna hratt úr málum.
- Skráning mála og eftirfylgd.
- Bekkjarfundir.
- Gerð og framkvæmd bekkjarrengla.

Farið yfir helstu áherslur skólaársins eins og nemendaviðtöl, fundur með nemendum um niðurstöður könnunar, félagsfærniþjálfun og aukin eftirfylgd mála. Elísabet Lourange, listmeðferðarfræðingur, hefur tekið hópá í sjálfsstyrkingu og félagsfærni.

Hvað felst í eineltisrannsókninni? Skólastjóri fór yfir hvers vegna þessi könnun er gerð.

Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður könnunar.

- Fyrirspurn um hversu margir nemendur eru á bak við tölurnar, 9 stelpur og 6 strákar sem segjast verða fyrir einelti. 8 stelpur og 5 strákar svöruðu því að þau hafa orðið fyrir einelti 2-3 skipti í mánuði eða oftar.
- Hærra tala í miðdeild en unglingadeild.
- Helmingur af stúlkunum sem segjast vera lagðar í einelti segja að það hafi staðið í eitt ár eða lengur. Einn strákur segist hafa verið lagður í einelti í eitt ár eða lengur.
- Hvar á einelti sér stað? Skólalóð og gangar eru algengustu staðirnir.

- Hlutfall þeirra nemenda sem vilja aðstoða þá sem verða fyrir einelti hækkar sem er ánægjulegt.

Umræða í skólaráði: Hversu hátt hlutfall þeirra nemenda sem eru lagðir í einelti er ekki vitað um, þ.e. er ekki á borði eineltisráðs? Notum niðurstöður þessarar könnunar til að finna þessa nemendur.

- Viðbrögð umsjónarkennara við einelti. Ábending um að nemendur eru kannski ekki nógu vel upplýstir um hvað er gert. Viðbrögð starfsmanna skiptir mjög miklu máli.
- Einelti á netinu. Mælist ekki eins mikil og umræðan í þjóðfélaginu gefur til kynna.
- Tegund eineltis. Ábending frá fulltrúa nemenda í skólaráði um að einelti hjá stúlkum sé oftast langvarandi, nota orð og útlökun á meðan strákar nota meira líkamlegt ofbeldi.

2. Önnur mál.

- a. Ábending um að skólinn kaupi heimildamyndina „Bully“ sem fjallar um einelti.
- b. Nemendur á samskiptasíðum á netinu. Fræðslufundur á vegum SAFT þriðjudagskvöldið 15.01.2013.
- c. Skólastjóri fór yfir nokkra þætti varðandi fjárhagsmál og viðhald. Fáum sextán milljónir á þessu ári. Helstu verkefni eru að laga leka í A-álm, klæðning í loftinu í unglingsdeild, lagfæra loft í kjallara í B-álm.
- d. Sófarnir í miðrymi koma á næstu vikum.

Næsti fundur áætlaður 19. febrúar 2013.

Fundi slitið klukkan 09:10
Valdimar Víðisson